

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 12 5. febrúar 1958 um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar nr. 215 27. desember 1947.

1. gr.

Í stað orðanna „Bæjarráð skal skipað fimm fulltrúum“ í 1. gr. 1. mgr. samþykktarinnar, komi: „Bæjarráð skal skipað þrem bæjarfulltrúum“.

2. gr.

Eftir setningunni: „Í forföllum aðalmanna skulu varamenn mæta“ í 1. gr. 3. mgr. i. f. samþykktarinnar, komi: „Bæjarráð getur leyft, að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki fulltrúa í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti“.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1970.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

30. júlí 1970.

Nr. 163.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frá Sigurlaugar Gunnarsdóttur frá Ási í Hegranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. júlí 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frá Sigurlaugar Gunnarsdóttur frá Ási í Hegranesi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður hinn 7. júlí 1969 í tilefni af því, að þá eru liðin 100 ár frá stofnun fyrsta kvenfélags í Skagafirði, en það var gert að Ási í Hegranesi, og að frumkvæði frá Sigurlaugar Gunnarsdóttur, húsfreyju þar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 og er það lagt fram af kvenfélögum í Sambandi skagfirzkra kvenna og ættingjum frá Sigurlaugar Gunnarsdóttur.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki eða á annan tryggilegan hátt að mati sjóðstjórnarinnar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Héraðssjúkrahúsið á Sauðárkróki og ellideild þess eða elliheimili, sem reist kann að verða í hennar stað, til kaupa á lækninga-